

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
2009/EES/33/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	1
2009/EES/33/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	4
2009/EES/33/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	5
2009/EES/33/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	7
2009/EES/33/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009 um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn	8
2009/EES/33/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn	12
2009/EES/33/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn	13
2009/EES/33/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	15
2009/EES/33/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	17
2009/EES/33/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	19
2009/EES/33/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn	21
2009/EES/33/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	23
2009/EES/33/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	24

2009/EES/33/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.	26
2009/EES/33/15	Leiðréttingar	28
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III EB-STOFNANIR	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
	3. Dómstóllinn	

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/2009

2009/EES/33/01

frá 24. apríl 2009

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2009 frá 17. mars 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/2007 frá 23. október 2007 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 og ákvörðun 2006/696/EB að því er varðar setningu eggja úr hópum varphæna, sem eru smitaðir af salmonellu, á markað ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 1560/2007 frá 17. desember 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 21/2004 að því er varðar dagsetningu innleiðingar á rafrænni auðkenningu sauðfjár og geita ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/616/EB frá 5. september 2007 um breytingu á ákvörðunum 2001/881/EB og 2002/459/EB að því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/843/EB frá 11. desember 2007 um að samþykkja áætlanir um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* í tilteknum þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 og um breytingu á ákvörðun 2006/696/EB að því er varðar tilteknar kröfur á sviði lýðheilsu við innflutning á alifuglum og útgununareggjum ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/848/EB frá 11. desember 2007 um samþykkt tiltekinna landsáætlana um varnir gegn salmonellu í hópum varphæna af tegundinni *Gallus gallus* ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/849/EB frá 12. desember 2007 um samþykki fyrir breytingum á landsáætlun, sem Finnland hefur lagt fram, um varnir gegn salmonellu í undaneldishópum af tegundinni *Gallus gallus* ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 6, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 25.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 254, 28.9.2007, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 81.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 83.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 85.

- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/873/EB frá 18. desember 2007 um samþykki fyrir landsáætlun, sem Búlgaría hefur lagt fram, um varnir gegn salmonellu í undaneldishópum af tegundinni *Gallus gallus* ⁽¹⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/874/EB frá 18. desember 2007 um samþykki fyrir landsáætlun, sem Rúmenía hefur lagt fram, um varnir gegn salmonellu í undaneldishópum af tegundinni *Gallus gallus* ⁽²⁾.
- 10) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.
- 11) Ákvörðun þessi tekur til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1237/2007 og 1560/2007 og ákvarðana 2007/616/EB, 2007/843/EB, 2007/848/EB, 2007/849/EB, 2007/873/EB og 2007/874/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. apríl 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. apríl 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 45.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 46.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2009

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7b (reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004) í hluta 1.1:
„– **32007 R 1560**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1560/2007 frá 17. desember 2007 (Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 25).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB) í hluta 1.2:
„– **32007 D 0616**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/616/EB frá 5. september 2007 (Stjtið. ESB L 254, 28.9.2007, bls. 1).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 8b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003) í hluta 7.1:
„– **32007 R 1237**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/2007 frá 23. október 2007 (Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 5).“
4. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 4d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/759/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 7.2:
 - 4a. **32007 D 0843**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/843/EB frá 11. desember 2007 um að samþykkja áætlanir um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* í tilteknum þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 og um breytingu á ákvörðun 2006/696/EB að því er varðar tiltekna kröfur á sviði lýðheilsu við innflutning á alifuglum og útungunareggjum (Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 81).
 - 4f. **32007 D 0848**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/848/EB frá 11. desember 2007 um samþykkt tiltekinna landsáætlana um varnir gegn salmonellu í hópum varphæna af tegundinni *Gallus gallus* (Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 83).
 - 4g. **32007 D 0849**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/849/EB frá 12. desember 2007 um samþykki fyrir breytingum á landsáætlun, sem Finnland hefur lagt fram, um varnir gegn salmonellu í undaneldishópum af tegundinni *Gallus gallus* (Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 85).
 - 4h. **32007 D 0873**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/873/EB frá 18. desember 2007 um samþykki fyrir landsáætlun, sem Búlgaría hefur lagt fram, um varnir gegn salmonellu í undaneldishópum af tegundinni *Gallus gallus* (Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 45).
 - 4i. **32007 D 0874**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/874/EB frá 18. desember 2007 um samþykki fyrir landsáætlun, sem Rúmenía hefur lagt fram, um varnir gegn salmonellu í undaneldishópum af tegundinni *Gallus gallus* (Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 46).“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/2009****2009/EES/33/02****frá 24. apríl 2009****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2009 frá 17. mars 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 775/2008 frá 4. ágúst 2008 um að setja hámarksgildi fyrir leifar kantaxantíns, sem er aukefni í föðri, til viðbótar þeim skilyrðum sem kveðið er á um í tilskipun 2003/7/EB ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzzzq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/2008) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zzzzr. **32008 R 0775**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 775/2008 frá 4. ágúst 2008 um að setja hámarksgildi fyrir leifar kantaxantíns, sem er aukefni í föðri, til viðbótar þeim skilyrðum sem kveðið er á um í tilskipun 2003/7/EB (Stjtíð. ESB L 207, 5.8.2008, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 775/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. apríl 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. apríl 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 12, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 207, 5.8.2008, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 43/2009****2009/EES/33/03****frá 24. apríl 2009****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/89/EB frá 24. september 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/756/EBE varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra í því skyni að laga hana að tækniframförum ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (tilskipun ráðsins 76/756/EBE):
„– **32008 L 0089**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/89/EB frá 24. september 2008 (Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 14).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 45zt (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007):
„eins og henni var breytt með:
– **32008 R 0692**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45zt (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007):
„45zu. **32008 R 0692**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 14.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lið 3.2 í XIII. viðauka:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 692/2008 og tilskipunar 2008/89/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. apríl 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. apríl 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 44/2009****2009/EES/33/04****frá 24. apríl 2009****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2009 frá 17. mars 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/42/EB frá 3. apríl 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽²⁾ ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 136, 24.5.2008, bls. 52.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32008 L 0042:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/42/EB frá 3. apríl 2008 (Stjtið. ESB L 93, 4.4.2008, bls. 13) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 136, 24.5.2008, bls. 52.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/42/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 136, 24.5.2008, bls. 52, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. apríl 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. apríl 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 22, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 93, 4.4.2008, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2009****2009/EES/33/05****frá 9. júní 2009****um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskipta-
þjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2009 frá 24. apríl 2009 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum ⁽³⁾.
- 4) Gerðir, sem lúta að hljóð- og myndmiðlun og nú er vísað til í X. viðauka, eiga framvegis að falla undir XI. viðauka.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

X. og XI. viðauki við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/123/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. apríl 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 28, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009

X. og XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. X. viðauki hljóði svo:

„ALMENN ÞJÓNUSTA

Skrá sem kveðið er á um í 2. mgr. 36. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðir, sem vísað er til í þessum viðauka, fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðaratriða, sem eru sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

- inngangsorð,
- viðtakendur gerða bandalagsins,
- vísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB,
- vísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum og
- vísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar,

gilda ákvæði bókar 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. **32006 L 0123**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „reglur sáttmálans“ í 3. mgr. 3. gr. komi orðin „reglur EES-samningsins“.
- b) Í stað orðanna „50. gr. sáttmálans“ í 1. mgr. 4. gr. komi orðin „37. gr. EES-samningsins“.
- c) Í stað orðanna „48. gr. sáttmálans“ í 2. og 3. mgr. 4. gr. komi orðin „34. gr. EES-samningsins“.
- d) Í stað orðanna „43. gr. sáttmálans“ í 5. mgr. 4. gr. komi orðin „31. gr. EES-samningsins“.
- e) Ákvæði 8. mgr. 4. gr. hljóði svo:

„,brýnir almannahagsmunir“: með fyrirvara um ákvæði 6. gr. EES-samningsins þeir hagsmunir sem viðurkenndir hafa verið sem slíkir í dómum Dómstóls Evrópubandalaganna, meðal annars eftirtalið: allsherjarregla, almannaoýggi, lýðheilsa, varðveisla fjárhagslegs grundvallar almannatryggingakerfisins, vernd neytenda, þjónustuþega og starfsmanna, sanngirni í viðskiptum, barátta gegn svikum, umhverfisvernd og vernd þéttbýlisumhverfis, heilbrigði dýra, hugverkaréttur, varðveisla sögulegs og listræns þjóðararfs, markmið félagsmálastefnu og markmið stefnu í menningarmálum,“.

- f) Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein 7. mgr. 15. gr.:

„Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skiptast á upplýsingum um tilkynningar, sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar, í samræmi við staflíð d) í 4. mgr. bókar 1 við EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda fastanefnd EFTA-ríkjanna upplýsingar sem berast frá framkvæmdastjórninni. Eftirlitsstofnun EFTA skal jafnframt upplýsa fastanefndina um tilkynningar sem berast frá EFTA-ríkjunum.“.

- g) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 21. gr.:

„Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skiptast á upplýsingum um nöfn, pósthöng og þess háttar, sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar, í samræmi við staflíð a) í 4. mgr. bókar 1 við EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda fastanefnd EFTA-ríkjanna upplýsingar sem berast frá framkvæmdastjórninni.“.

- h) Ákvæði staflíðar d) í 1. mgr. 22. gr. taka ekki til EFTA-ríkjanna.

- i) Eftirfarandi bætist við í 8. mgr. 28. gr.:

„Að því er EFTA-rikin varðar skal Eftirlitsstofnun EFTA hafa það með höndum að upplýsa þau með reglulegu millibili um framkvæmd ákvæða um gagnkvæma aðstoð.“.

j) Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 39. gr.:

„Með fyrirvara um ákvæði staflíðar d) í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn skal framkvæmdastjórnin framsenda Eftirlitsstofnun EFTA skýrslur, sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins, til dreifingar hjá EFTA-ríkjunum, og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda upplýsingar, sem berast frá EFTA-ríki, öðrum EFTA-ríkjum, fastanefnd EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórninni, til dreifingar hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum um athugasemdir sem berast frá aðildarríkjum Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar.“

k) Eftirfarandi bætist við í 3. mgr. 39. gr.:

„EFTA-ríkjunum er einnig heimilt að leggja skýrslur og athugasemdir fyrir nefndina“.

l) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 5. mgr. 39. gr.:

„Þegar framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skiptast á upplýsingum um kröfur, sem tilkynntar eru af hálfu aðildarríkja Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar, í samræmi við staflíð d) í 4. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn, skal framkvæmdastjórnin framsenda aðildarríkjum Evrópusambandsins upplýsingar sem berast frá Eftirlitsstofnun EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda fastanefnd EFTA-ríkjanna upplýsingar sem berast frá framkvæmdastjórninni. Eftirlitsstofnun EFTA skal jafnframt upplýsa fastanefndina um kröfur sem tilkynntar eru af hálfu EFTA-ríkjanna.““

2. Í stað núverandi fyrirsagnar XI. viðauka, „FJARSKIPTAÞJÓNUSTA“, komi „RAFRÆN FJARSKIPTI, HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUN OG UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ“.
3. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 5o (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/215/EB) í XI. viðauka:

„Hljóð- og myndmiðlun

5p. **389 L 0552:** Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (Stjútíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23) eins og henni var breytt með:

- **397 L 0036:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB frá 30. júní 1997 (Stjútíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „52. gr. og áfram í stofnsáttmála Evrópubandalagsins“ í 5. mgr. 2. gr. komi orðin „31. gr. og áfram í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið“.
- b) Að því er EFTA-ríkin varðar eru verkin, sem um getur í staflíð c) í 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, einnig verk sem verða til, eins og lýst er í 3. mgr. 6. gr., hjá og með framleiðendum sem hafa staðfestu í þriðju Evrópulöndum sem viðkomandi EFTA-ríki hefur gert samninga við á þessu sviði.

Hyggist samningsaðili gera samning af því tagi, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., ber honum að tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni. Samráð um efni slíkra samninga getur átt sér stað að beiðni eins og sérhvers samningsaðila.

c) Eftirfarandi bætist við ákvæði 15. gr. tilskipunarinnar:

„EFTA-ríkjunum er frjálst að skylda kapaldreifingarfyrirtæki, sem starfa á yfirráðasvæði þeirra, að trufla eða breiða með öðrum hætti yfir auglýsingar á áfengum drykkjum í dagskrárliðum sjónvarpsstöðva sem einkum er horft á í einu EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES. Við mat á því hvort tiltekinn dagskrárliður eða tiltekin auglýsing fellur undir þennan aðlögunarlið skal meðal annars höfð hliðsjón af eftirtöldum atriðum:

- hvort útsendingin næst í raun aðallega í einu EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES,
- hvort varan eða þjónustan, sem auglýst er, fæst keypt í landinu þar sem útsendingin næst,
- hvort tungumál landsins, þar sem útsendingin næst, er notað í dagskrárliðum eða auglýsingum,
- hvort vísað er í auglýsingunum til sölustaða í landinu þar sem útsendingin næst,
- hvort verð er gefið upp í gjaldmiðli landsins þar sem útsendingin næst.

Þegar auglýsingar eru truflaðar eða breitt yfir þær með öðrum hætti má það ekki hafa þau áhrif að takmarka endurútsendingu á einstökum hlutum dagskrárliða öðrum en auglýsingum á áfengum drykkjum.

Samningsaðilar skulu endurskoða þessa undanþágu í sameiningu árið 2003.“

Nánari tilhögun samstarfs við sérfræðinga frá Liechtenstein, Íslandi og Noregi í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt að tilnefna einn fulltrúa lögbæra yfirvaldsins, sem hvert EFTA-ríki tilgreinir, til þátttöku í fundum tengslanefndar um sjónvarpsrekstur sem um getur í 23. gr. a í tilskipun ráðsins 89/552/EBE.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum boð á fundi tengslanefndarinnar og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.

